

Sp.

472. Nefndarálit

[42. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur haft svipaðan hátt á og undanfarin ár um undirbúning tillagna um flutningastyrki og fjárveitingar til flóabátasamgangna árið 1949. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins hefur veitt nefndinni aðstoð og upplýsingar um rekstur flóabátanna, og fylgir skýrsla hans nefndarálitinu samkvæmt venju.

Áður en vikið verður að rekstri einstakra báta, skal þess getið, að nefndin ræddi í upphafi starfs síns möguleika þess að draga verulega úr útgjöldum ríkissjóðs til þessarar starfsemi, með tilliti til þess, að nokkur reynsla er nú fengin af rekstri hinna nýju strandferðabáta, sem teknir hafa verið í notkun. Vildi hún gjarnan freista þess að fækka flóabátunum, ef það sannaðist, að strandferðabátarnir hefðu að einhverju eða öllu leyti leyst þörf einstakra héraða fyrir slíkar samgöngur. En athuganir nefndarinnar leiddu í ljós, að að svo komnu máli verður engan veginn sagt, að strandferðabátarnir hafi bætt úr þessari þörf, enda þótt ferðir þeirra hafi stuðlað að verulega bættum samgöngum milli landshluta. Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að ókleift væri að fella niður styrki til einstakra flóabáta af þeim sökum.

Þrátt fyrir það, að rekstrarkostnaður bátanna hefur yfirleitt hækkað, taldi nefndin sér ekki fært að mæla með almennri hækkun styrkja þeirra. Hins vegar hefur ekki orðið hjá því komizt að hækka lítillaga styrki til örfárra þeirra, sem hvað verst hafa orðið úti á s. l. ári.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamöngur:

Ráðgert er, að þessar ferðir verði reknar með sama hætti og áður. Vélastyrkur til Flateyjarbáts, sem annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, er var á s. l. ári 30 þús. kr., fellur nú niður, þar sem ný vél hefur nú verið sett í bátinn. Verður styrkurinn til þess báts því þeirri upphæð lægri en í fyrra.

Styrkur til Stykkishólmsbáts er hins vegar gert ráð fyrir að verði óbreyttur, en styrkur hækki um 3 þús. kr. til Skógarstrandar- og Langeyjarnessbáts og verði 5 þús. kr. vegna hvorrar áætlunarleiðar hans.

Sömu skilyrði og áður eru sett fyrir styrkveitingunni til Stykkishólmsbáts.

Ísafjarðarsamöngur:

Þær samgöngur hefur m/s Fagranes annazt eins og undanfarin ár. Skipið hefur farið ferðir um Ísafjarðardjúp, Jökulfirði og til hafnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Yfir sumarið var fjölgað nokkuð ferðum til Bolungavíkur og Súðavíkur, og þóttu þær ferðir gefast vel. Rekstrarafkoma bátsins varð mjög slæm af völdum hækkaðs rekstrarkostnaðar. Nefndin taldi þó ekki fært að leggja til, að styrkur hans yrði hækkaður.

Norðurlandssamöngur:

Þar er lagt til, að styrkur Húnaflóa- og Strandabáts, sem heldur uppi ferðum um vestanverðan Húnaflóa milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga á sumrin, verði

hækkaður um 3 þús. kr. Hefur rekstur þessa báts gengið mjög erfiðlega undanfarin sumur vegna aflabrests á sildveiðunum.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Norðurlandsbáts, sem gengur milli Akureyrar og Sauðárkróks, verði hækkaður um 10 þús. kr. Hins vegar verði þá felldur niður styrkur til Haganesvíkurbáts, sem annast hefur ferðir milli Haganesvíkur og Siglufjarðar þann tíma, sem Siglufjarðarskarð er ófært bifreiðum.

Eins og undanfarin ár hefur rekstur Norðurlandsbátsins gengið mjög erfiðlega, og telur útgerðarmaður hans sig naumast geta haldið þessum ferðum uppi með svipuðum styrk og undanfarið. Taldi nefndin því ekki annað fært en að hækka styrk hans lítillega, enda taki hann þá að sér viðkomu á Haganesvík vetrarmánudina, þó að nokkrir erfiðleikar séu á þeirri áætlun.

Austfjarðasamgöngur:

Meginbreytingin, sem nefndin leggur til, að á þeim verði gerð, er sú, að lagt er til, að styrkur til Norðfjarðarbáts verði lækkaður um 13 þús. kr., vegna þess að gert er ráð fyrir, að akvegasamband skapist við Neskaupstað á miðju næsta sumri. Verða ferðir þessa báts þá óþarfar og munu á næsta ári verða lagðar alveg niður. Hins vegar er lagt til, að Eskifjarðarbátur hækki um 2 þús. kr. í styrk. Er með því reynt að greiða fyrir hentugri ferðum bátsins í sambandi við áætlunarferðir bifreiða.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Hornafjarðar—Austfjarðarbáts verði felldur niður. Enginn sérstakur bátur hefur annast þessar ferðir undanfarið. Skipaútgærð ríkisins hefur ýmist með skipum sínum eða leigubátum haldið uppi ferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða. Hefur styrkur sá, sem veittur hefur verið til þessara ferða, runnið beint til hennar. Taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við þær væri færður á reikning skipaútgæðarinnar, en ekki væri veittur til þeirra sérstakur styrkur á fjárlögum. En nefndin ætlast að sjálfsögðu til, að hún sjái umræddum byggðarlögum fyrir svipuðum ferðum og undanfarið.

Þá er lagt til, að Loðmundarfjarðarbátur fái 2 þús. kr. hækkun á styrk sínum. Liggur fyrir vitneskja um, að ekki muni hægt að halda þessum ferðum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar uppi með óbreyttum styrk.

Faxaflóasamgöngur:

M/s Laxfoss hefur annast þessar ferðir s. l. ár, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Hefur útgerðarfélag skipsins, Skallagrímur h/f í Borgarnesi, ekki sótt um styrk til þessara ferða, enda verið ráð fyrir því gert, að þær yrðu reknar styrklaust. Hins vegar hefur félagið endurnýjað beiðni sína um, að því verði greiddur halli sá, sem varð á rekstri m/s Víðis á tímabilinu jan.—maí 1947. Nam hann 150 þús. kr.

Í álit samvinnunefndarinnar árið 1947 er vilyrði gefið fyrir því, að ef Skallagrímur h/f biði tjón af því að taka m/s Víði á leigu til Faxaflóaferða vegna Vestmannaeyjaferða m/s Laxfoss, þá telji nefndin óhjákvæmilegt að bæta það tjón úr ríkissjóði á sínum tíma. Þrátt fyrir þetta vilyrði taldi nefndin ekki fært að leggja til á s. l. ári, að umræddur halli yrði bættur, enda lágu þá ekki endalega fyrir reikningar m/s Laxfoss og ekki vitað um heildarafkomu útgerðarfélagsins árið 1947.

Nú, þegar full vitneskja er fengin um afkomu félagsins, taldi nefndin sér ekki fært að neita því algerlega um nokkurn styrk upp í nefndan hallarekstur m/s Víðis. Varð það að samkomulagi, að nefndin legði til, að ríkisstjórninni yrði veitt heimild til þess á 22. gr. fjárlaga að greiða h/f Skallagrími 40 þús. kr. í bætur vegna þessa halla. Yrði það lokagreiðslan til þess vegna margræddrar Víðisútgerðar. Lengra treysti nefndin sér ekki til að ganga.

Selvogsferðir:

Akvegasamband hefur nú skapast við byggðina í Selvogi, og leggur nefndin því til, að styrkur til Selvogsferða verði felldur niður.

Báta- og flutningastyrkir til Austur-Skaftafellssýslu.

Á s. l. ári var veittur 5 þús. kr. styrkur til bátaferða innan Austur-Skaftafells-sýslu, þar af kr. 2500.00 til styrktar bátaferðum milli Hornafjarðar og Örefa. Voru þessir styrkir veittir samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar. En auk þess hefur undanfarin ár verið veittur nokkur styrkur í fjárlögum, 13. gr. B., til vöruflutninga til Örefa. Nam sú fjárveiting á fjárlögum 1948 29 800 kr. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarp þessa árs er sú skoðun látin í ljós, að eðlilegra verði að teljast, að þessi styrkur verði tekinn upp í heildarfjárveitinguna til vöruflutninga og flóabátaferða. Hefur nefndin fallið á að verða við þeirri ósk og leggur því til, að nýr liður, 30 þús. kr. vegna vöruflutninga til Örefa, verði tekinn í heildartillögur hennar um flutninga- og flóabátastyrki. Er hér aðeins um að ræða flutning milli liða fjárlaga, en hins vegar ekki hækkun á flutningastyrkjum.

Samkvæmt tillögum, sem fyrir liggja, áætla nefndin styrk til vöruflutninga og flóabátaferða á fjárlögum ársins 1949 samtals kr. 878 000.00, og er sú upphæð 34 þús. kr. lægri en styrkupp hæðin árið 1948 og 37 500 kr. lægri en styrkupp hæðin árið 1947.

Leggur nefndin til, að styrkupp hæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr. 215 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	— 73 000.00
Norðurlandsbátur	— 220 000.00
Hriseyjarbátur	— 4 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	— 11 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	— 5 000.00
Norðfjarðarbátur	— 10 000.00
Mjóafjarðarbátur	— 12 500.00
Eskifjarðarbátur	— 18 000.00
Berufjarðarbátur	— 4 000.00
Suðurlandsskip	— 80 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	— 2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	— 20 000.00
Sami, vikuferðir Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir	— 24 000.00
Stykkishólmsbátur	— 70 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátar (5 þús. kr. til hvors)	— 10 000.00
Patreksfjarðarbátur	— 2 000.00
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu	— 5 000.00
Til vöruflutninga til Örefa	— 30 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrabátur	— 60 000.00
Rangársandsbátur	— 2 000.00

Samtals kr. 878 000.00

Alþingi, 16. marz 1949.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar.	Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Barði Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.
B. Kristjánsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 18. febrúar 1949.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit um rekstur flóabátanna á s. l. ári á svipaðan hátt og hefur verið. Enn fremur tillögu um styrk til þeirra á þessu ári, miðað við að heildarstyrkupp hæðin til flóabáta hækki ekki frá því, sem var á s. l. ári. Í tilefni af þessu vil ég taka fram eftirfarandi:

Djúpbáturinn:

H/f Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanförunu annast flóabátaferðir um Djúpið og nágrennið með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið venjulega 2 ferðir í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar 3 ferðir til Reykjarfjarðar á Ströndum. Enn fremur vikulegar ferðir til Flateyrar og Súgandafjarðar og hálfsmánaðarferðir til Þingeyrar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Vestfjarðaferðirnar voru þó ekki farnar meðan vegurinn til Þingeyrar var fær bifreiðum. Enn fremur hefur báturinn farið vikulega aukaferðir til Súðavíkur og Bolungavíkur yfir sumarmánuðina. Alls hefur báturinn farið 236 áætlunarferðir og ca. 200 aukaferðir. Endanlegir rekstrarreikningar eru ekki komnir enn, en samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, mun reksturinn hafa gengið fremur illa, svo að lítið eða ekkert mun verða til fyrir afskriftum.

Húnaflóa—Strandabátur:

Bátur þessi gengur um vestanverðan Húnaflóa, milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga, í sambandi við bifreiðaferðir á norðurleiðinni. Hr. Sigurður Pétursson á Djúpavík tók að sér þessar ferðir, eins og undanfarið, með bát sínum Hörpu (29 lestir). Voru venjulega farnar 2 ferðir í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Auk þess voru farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Alls mun báturinn hafa farið 33 áætlunarferðir. Báturinn flutti í þessum ferðum 637 farþega, auk þess mikið af pósti og nokkuð af flutningi. Rekstur bátsins hefur gengið fremur illa. Sýnir rúmar 12 þús. kr. í rekstrartap. Stafar það að nokkru leyti af því, hvað síldarvertíðin var léleg, og þar af leiðandi munu flutningar til verksmiðjunnar á Ingólfsfirði og Reykjarfirði hafa minnkað. Þar sem það hefur sýnt sig, að í sumum ferðunum var sama sem ekkert að flytja af fólki eða vörum, kemur til álita að fækka föstu ferðunum og reyna á þann hátt að bæta rekstrarafkomu bátsins. Er lagt til, að styrkurinn verði sami og s. l. ár, 70 þús. kr., og þar af gangi minnst 10 þús. kr. í rentur og afborgun af láni hjá Skipaútgærd ríkisins.

Haganesvíkurbátur:

Bátur þessi hefur gengið milli Haganesvíkur og Siglufjarðar yfir þann tíma, sem Siglufjarðarskarð ekki var fært bifreiðum. Var þetta gert vegna þess, að Haganesvík þóttist ekki geta afgreitt m/b Drang nema báturinn kæmi að degi til, en vitanlega er ómögulegt að haga því svo til, að báturinn komi aftið að degi til í ferðum sínum inn á Skagafjörð, og af því að hægt var að leysa málið með því að greiða sérstökum bát 10 þús. kr. fyrir þessar ferðir. Þótti rétt að leysa málið á þann hátt, enda gert í samráði við útgerð m/b Drangs. Nú er viðhorfið þannig, að ekki er hægt að fá bát til að annast þessar ferðir nema með miklu hærri styrk, og með tilliti til þess, að m/s Skjaldbreið kemur nú orðið oft í Haganesvík, tel ég, að bátur þessi ætti að leggjast niður og Norðurlandsbáturinn að hafa viðkomur á Haganesvík, eins og áður var, og verður Haganesvík þá að afgreiða hann í nætur- og eftirvinnu, þegar svo stendur á, að þess þarf með, eins og aðrar hafnir, sem báturinn hefur

viðkomur á, og mundi þá styrkur sá, sem til Haganesvíkurbáts er ætlaður, renna til Norðurlandsbátsins og bæta þannig nokkuð fyrir honum.

Norðurlandsbátur:

Hr. Steindór Jónsson útg.m. á Akureyri sá um þessar ferðir, eins og að undanfögnu, með bát sínum Drang (74 lestir). Var ferðunum hagað líkt og áður, þ. e. tvær ferðir í viku milli Sauðárkróks og Akureyrar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Var ferðunum þannig hagað frá áramótum fram til miðs júní. Enn fremur voru farnar ferðir til Grímseyjar, þegar þurfa þótti og ástæður leyfðu. Eftir miðjan júní var Skagafjarðarferðunum hætt, en ferðum um Eyjafjörð til Siglufjarðar fjölgað og sömuleiðis Grímseyjarferðum. Í nóvember voru Skagafjarðarferðirnar teknar upp aftur og ferðum þá hagað eins og í byrjun ársins. Rekstrarafkoma þessa báts versnar stöðugt, að miklu leyti vegna þess, hvað farið er að nota mikið flutningabifreiðar milli hafna við Eyjafjörð og til Ólafsfjarðar, og hefur hr. Steindór Jónsson ekki talið sig geta haldið ferðunum áfram með sama sniði, nema fá styrkinn hækkaðan til muna. Fylgir erindi St. J. um þetta mál hér með ásamt rekstrarreikn., sem sýnir 27 þús. kr. tap á rekstri bátsins. Ég vil leyfa mér að leggja til, að mál þetta verði leyst þannig, að styrkurinn, sem áður gekk til Haganesvíkurbáts, gangi til ferða m/b Drangs, og að ferðum um Eyjafjörð yfir júlí og ágúst verði fækkað, svo báturinn hafi möguleika til að afla sér nokkurra tekna í flutningum á aðra staði þann tíma.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri.

Flateyjarbátur á Skjálfanda:

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur. Er venjulega farin ein ferð í viku, oftast ef þurfa þykir. Oddviti Flateyjarhrepps hefur séð um, að ferðirnar komi að sem beztum notum, og hefur ekki heyrzt annað en þær gangi eins og til var ætlað.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur:

Skipaútgærd ríkisins hefur séð um ferðir þessar, sumpart með sérstökum leigubátum og sumpart með strandferðaskipunum, og hefur styrkurinn runnið til útgerðarinnar.

Loðmundarfjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, og var venjulega farin ein ferð í viku. Kaupfélag Austfjarða hefur séð um þessar ferðir, og hefur nú stjórn kaupfélagsins sent ályktun þess efnis, að ekki muni verða hægt að halda uppi þessum ferðum, nema styrkurinn verði hækkaður upp í 6 þús. kr.

Norðfjarðarbátur:

Bátur þessi gekk á milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Austurlandi. Hafði hr. Sigurður Lúðvígsson þessar ferðir á hendi með bát sínum Hilmi. Var samið við hann um 20 þús. kr. styrk fyrir ferðirnar, og virðist báturinn hafa klárað sig vel með það. Til þessara ferða voru ætlaðar 23 þús. kr., og er ætlað til, að þessar 3 þús. kr., sem eru umfram það, sem eytt var á s. l. ári, gangi upp í tap, sem var á rekstri þessara ferða 1947.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar og einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hefur hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps séð um, að ferðirnar kæmu að sem beztu gagni fyrir Mjófirðinga.

Eskifjarðarbátur:

Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar, Eskifjarðar og Hafranness í sambandi við bifreiðaferðir til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og hins vegar Fáskrúðsfjarðar. Hefur hr. Garðar Jónsson á Reyðarfirði haft þessar ferðir á hendi með bát sínum Heklu (11 smál.).

Berufjarðarbátur:

Ferðir þessa báts eru frá Djúpavogi yfir Berufjörð í sambandi við bifreiðaferðir að Stekk á Berufjarðarströnd. Fór báturinn 100 ferðir á s. l. sumri.

Mýrabátur í Faxaflóa:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á staðnum séð fyrir flutningum á vélbátum sínum, og hefur styrknum verið skipt milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:

H/f Norðri í Flatey hefur eins og að undanfögnu annazt ferðir þessa báts um norðanverðan Breiðafjörð með m/b Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun. Fór báturinn 79 áætlunarferðir og 68 aukaferðir, auk þess vikulegar ferðir til Kinnarstaða og Brjánslækjar frá 1. júní til 21. sept. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur orðið tap á rekstri bátsins um 14 þús. kr. Hafði félagið með erindi, dags. 6. nóv. f. á., tjáð sig ekki geta haldið ferðunum áfram nema því aðeins að fá styrkinn hækkaðan upp í 57 þús. kr., en hefur nú endurskoðað þessar kröfur sínar og vill halda ferðunum áfram fyrir sama styrk og var á s. l. ári.

Stykkishólmsbátur:

Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi annazt ferðirnar eins og og undanfarin ár með m/b Baldri (38 lestir). Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið 102 áætlunarferðir og 75 aukaferðir. Báturinn hefur flutt 1439 tonn af ýmsum vörum og 364 farþega. Rekstrarreikningar fyrir bátinn eru enn ekki komnir. En samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, mun báturinn ekki hafa fyrir afskriftum, en þó mun félagið takast á hendur rekstur ferðanna með svipuðu fyrirkomulagi á þessu ári.

Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur:

Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi s. l. ár og haldið uppi föstum hálfsmánaðarferðum milli staðanna og oftár, þegar þurft hefur. Illa hefur gengið með að láta ferðir þessar bera sig, og hefur verið tilkynnt, að ekki muni hægt að halda ferðunum áfram, nema styrkurinn fáiast hækkaður nokkuð.

Patreksfjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Vatneyrar og Hvalskers og Örlygshafnar, og eru venjulega farnar daglegar ferðir. eru ferðir þessar aðallega vegna mjólkurflutninga til Vatneyrar. Hefur hreppsnefnd Patreksfjarðar haft umsjón með ferðum þessum.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur.

Ferðir þessa báts eru milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og hefur m/b Gísli J. Johnsen (32 lestir) verið í ferðum þessum. Á s. l. ári fór báturinn frá 6. maí til 1. okt. 47 ferðir og flutti 1162 farþega. Enn fremur 90 tonn af ýmsum varningi, 195 sauðkindur og auk þess póst. Hefur reksturinn gengið fremur illa, vegna þess hvað dregið hefur úr flutningum með bátnum, síðan flugferðum og skipsferðum fjölgaði til og frá Vestmannaeyjum. Hefur það verið í athugun að leggja ferðir þessar nið-

ur, en bæjarstjórn Vestmannaeyja og ýmsir aðrir aðilar telja það ófært eins og sakir standa, sérstaklega vegna sambands milli Vestmannaeyja og Suðurlandsundirlendisins.

Rangársandsbátur:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Rekstur flóabátanna hefur yfirleitt gengið mjög erfiðlega á s. l. ári, og allt bendir til þess, að ekki rætist úr í því efni á þessu ári. Hef ég í bréfi, dags. 5. f. m., gert nokkra grein fyrir, af hverju erfiðleikarnir stafa, og leyfi mér í því sambandi að vísa til þess bréfs.

Virðingarfyllt

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar sangöngumála Alþingis, Reykjavík.